

REGLUR
um gerð og efni sjóferðabóka.

1. gr.

Sérhver skipverji á íslensku skipi skal hafa sjóferðabók. Samgönguráðuneytið lætur gera sjóferðabækur handa skipverjum og er lögskráningarstjóra skylt að afhenda sjóferðabók hverjum skipstjóra og skipverja í fyrsta sinn, sem hann er lögskráður á íslenskt skip, eða síðar, ef sjóferðabók hefur glatast eða er fullnotuð. Skal sjóferðabókin ávallt sýnd við lögskráningu og þegar sanna á siglingatíma.

Sjóferðabækur skulu gefnar út á íslensku og ensku.

2. gr.

Í sjóferðabók skal rita fullt nafn viðkomandi, kennitölu og lögheimili.

3. gr.

Í sjóferðabók skal skýrt frá stöðu skipverja á skipinu, hvenær hann er skráður í skiprúm og úr skiprúmi, nafni, tegund, skipaskrárnúmeri og stærð skipsins, í hvaða ferðum skip er og nafni og heimili útgerðar. Einnig skal sjóferðabókin bera með sér hve mikinn hluta ráðningartíma skipverji er lögskráður.

4. gr.

Í sjóferðabók skal skráð nafn og heimilisfang nánasta aðstandanda eða ættingja skipverja, er hann tilgreinir og sem skipstjóri eða útgerðarmaður geta haft samband við, ef skipverji slasast alvarlega eða deyr.

5. gr.

Skipstjóra ber að útfylla og undirrita sjóferðabækur skipverja. Skal sjóferðabók hvers skipverja merkt með embættisstimpli lögskráningarstjóra við lögskráningu.

Skipstjóri geymir sjóferðabók skipverja meðan skipverji er í skiprúmi, en er skylt að afhenda skipverja sjóferðabók hans undirritaða, þegar ráðningartíma hans lýkur.

6. gr.

Sjóferðabækur, sem gefnar hafa verið út áður en reglur þessar öðlast gildi, halda gildi sínu þar til þær verða endurnýjaðar.

7. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 6. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 3. apríl 1987.

Matthías Bjarnason.

Ragnhildur Hjaltadóttir.